



## Fundargerð

240. fundur stjórnar HEF ehf. haldinn á Hótel Héraði miðvikudaginn 9. maí 2018 kl. 12:00

Mættir eru: Gunnar Jónsson, Karl Lauritzson, Sigríður Sigmundsdóttir, Gunnhildur Ingvarsdóttir, Skúli Björnsson, Páll Breiðfjörð Pálsson varðandi framkvæmdastjóri og Guðmundur Davíðsson framkvæmdastjóri.

Af aðalmönnum er fjarverandi:

### Dagskrá:

1. Vök Baths
2. Fagþing 2018
3. Fráveitumál
4. Önnur mál

Gunnar Jónsson formaður stýrði fundi og bauð varðandi framkvæmdastjóra velkominn á sinn fyrsta stjórnarfund HEF ehf.

### 1. Vök Baths

Lögð fram tölvupóstsamskipti frá 19. apríl til 30. apríl vegna viðaukasamnings um heitt og kalt vatn auk fráveitu við Vök Baths.

Framkvæmdastjóri sagði frá fundi með Íslenskum orkurannsóknnum varðandi afkastagetu hitasvæðisins við Urriðavatn. Stjórn HEF ehf. áréttar skilning sinn eftir fundinn 13. apríl s.l. að Vök Baths myndi leggja fram viðauka við gildandi rammamning og þá getur stjórnin tekið málið til efnislegrar afgreiðslu.

### 2. Fagþing 2018

Lögð fram dagskrá Fagþings veitna Samorku 2018 sem haldið verður á Hótel Örk Hveragerði dagana 23. – 25. maí n.k.

Stjórn hvetur til að starfsmenn sem þess eiga kost sæki þessa ráðstefnu.

### 3. Fráveitumál

Lagt fram tölvubréf dags 7. maí 2018 frá skipulags- og byggingafulltrúa Fljótsdalshéraðs um tilkynningarskyldu til Skipulagsstofnunar vegna fyrirhugaðs hreinsivirkis við Melshorn.



Lögð fram skömmu fyrir fundinn drög að greinargerð dags. 8.5.2018 um tilkynningu til ákvörðunar um matskyldu hreinsun frárennslis á Egilsstöðum og Fellabæ.

Lagt fram til kynningar en mikilvægt að stjórnarmenn og starfsmenn lesi vandlega yfir efnið.

#### 4. Önnur mál

- a) Staðfest eru bifreiðakaup fyrir nýjan framkvæmdastjóra sem samþykkt var af stjórnarmönnum í tölvupósti fyrir nokkrum dögum.
- b) Sigríður spurði um innviðagreininguna sem er á loka metrunum.
- c) Framkvæmdastjóri óskaði eftir að bókað yrði að ekki hafa komið fram tillögur um stefnubreytingar við áður markaða stefnu í fráveitumálum. Ofangreind tillaga borin upp með handauppréttingu og samþykkt með fjórum atkvæðum en einn sat hjá (Skúli Björnsson).
- d) Kynnt var WPL Diamond fráveituhreinsibúnaður fyrir 46 til 55 persónueiningar frá Iðnver.

Fundargerðin upplestin, samþykkt og fundi slitið kl. 13:35.

Fundargerð ritaði Skúli Björnsson